

Tilkynning til fjölmiðla

Í ljósi þeirrar ákvörðunar Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) að selja Icelandic Group í hlutum, eitt stærsta fyrirtæki landsins, hafa undirritaðir lykilstjórnendur tekið ákvörðun um að segja upp störfum. Við getum ekki með góðri samvisku lagt þeirri stefnu liðsinni okkar sem við teljum vera ranga, hvort sem lítið er til hagsmuna starfsmanna, birgja, eigenda eða viðskiptavina.

Sem kunnugt er, og tilkynnt var nýlega, hefur FSÍ tekið ákvörðun um að snúa af þeirri stefnu að fá öflugan fjárfesti til liðs við félagið. Aðila sem bolmagn hefur til að ljúka endurskipulagningu þess. Það er þessi ákvörðun sem við erum ósammála. Ákvörðun okkar tengist á engan hátt því hvaða fjárfestir átti í hlut. Við höfum ekki, og höfum aldrei haft, nokkur tengsl við Trítón. Við vorum raunar ósammála þeim farvegi sem þær viðræður fóru í, þar sem til stóð að selja starfsemi Icelandic erlendis til Trítón. Styrkur Icelandic og tækifæri til framtíðar felast í því að byggja á samsetningu félagsins eins og hún er nú, en ekki með því að bíta það niður. Sé það sannarlega vilji eigenda félagsins, þá er það þeirra réttur að láta á þá leið reyna. En þá teljum við rétt að nýir stjórnendur taki við keflinu sem eru sammála þeirri stefnu.

Það er sjaldnast þannig þegar stjórnendur segja skilið við þau fyrirtæki sem þeim hefur verið trúað fyrir, að menn fari fyllilega sáttir frá borði. Engu að síður erum við stoltir af því að hafa skilað af okkur verðmætu fyrirtæki, með gott orðspor á erlendum mörkuðum. Fyrirtæki sem selur sjávarafurðir fyrir 160-170 milljarða króna á ári. Besta vísbendingin um hversu gott fyrirtæki Icelandic er orðið í dag, er sú staðreynd að það skuli geysa barátta á milli aðila sem vilja borga tugi milljarða til að eignast hlut í því. Þó að fjölmiðlum hafi ósjaldan verið beitt í þeirri baráttu þá er það ekki okkar að taka afstöðu til þess í fjölmiðlum hverjir séu best til þess fallnir að eiga fyrirtækið. Okkar hlutverk er að leggja upp og fylgja þeirri stefnu sem við teljum líklegasta til árangurs.

Við viljum þakka starfsmönnum sem hafa unnið með okkur dag og nótt við að stýra félaginu við mjög erfiðar aðstæður. Birgjum sem hafa staðið við bakið á okkur, viðskiptavinum sem hafa haft trú á að fyrirtækið kæmist í gegnum þá erfiðleika sem það var komið í. Greiðslufallstryggingafyrirtækjum sem hafa treyst okkur og hafa átt mikið undir skuldastöðu Icelandic Group. Þeirra traust hefur verið endurgoldið með því að það hafa engir birgjar eða bankar tapað peningum á Icelandic Group.

Við viljum þakka stjórnendum Landsbankans sem sýndu framsýni og hugrekki á erfiðu augnabliki með því að breyta hluta skulda í hlutafé og sýna hinu alþjóðlega viðskiptalífi að þeim var alvara með að standa við bakið á félaginu. Okkur er það mikil ánægja að hafa með viðsnúningi Icelandic Group náð að skila þeim og eigendum þeirra, íslenskum almenningi, fé sínu tilbaka.

Það er ábyrgðarhluti að halda utan um peninga vinnandi fólks. Rekstur fyrirtækis eins og Icelandic er og verður áhætturekstur og rangar ákvarðanir geta verið afdrifaríkar. Icelandic stendur frammi fyrir mörgum áskorunum. Eigendur og stjórnendur þurfa að vera samstíga á þeirri leið.

Finnbogi Baldvinsson, forstjóri IG
Ingvar Eyfjörð, aðstoðarforstjóri IG